

Helle og Raggi Bjarna. Morgunblaðið/Árni Sæberg

RAGGI BJARNA

Úr söngnum í sælgætið

Það kannast flestir við Ragga Bjarna, a.m.k. flestir sem ekki eru undir lögaldri, svo lengi hefur hann skemmt okkur landsmönnum. Svo var hann allt í einu horfinn af Sögu, en hvað varð af honum? Hann fór að versla. Hvernig skyldi ganga, er hann sölumaðurinn syngjandi? Blm. leit við og tók Ragnar tali sem snöggvast.

— Eru ekki mikil viðbrigði að koma úr söngnum í „sjoppubransann?"

Nei, ég skal segja þér, maður hefur bara gaman af þessu. Þetta er svo allt öðruvísi, en það sem ég hef verið í hingað til, en þetta er þó ekki svo ólíkt að því leyti að það er alltaf fullt af fólki í kringum mann.

— Syngurðu eitthvað núna?

Það er nú eitthvað minniháttar. Ég er alveg hættur á böllunum, en við erum þó að fara af stað með undirbúning fyrir Sumargleðina sem verður 15 ára nú í sumar. Hún stendur frá enduðum júní og fram í nóvember.

Ég hyggst aldrei ráða mig aftur á fastan dansstað til að spila á eins og áður. Ég var búinn að vera í því í næstum þrjátíu ár og nenni því hreinlega ekki lengur.

— Ertu með marga í vinnu hér?

Stefán Jóhannsson er hjá mér í sjoppunni á daginn en hann spilaði á trommur hjá mér í ein fimmtán ár. Auk hans hef ég 5 eða 6 viðloðandi í vinnu.

— Tekurðu ekki lagið af og til fyrir viðskiptavininn?


Jú, jú, mikil ósköp. Ég er alltaf syngjandi. Ekki skrifa þetta niður samt, því þá get ég átt von á viðskiptavinum í hrönnum sem krefjast lags í kaupbæti.

Þyrnifuglum fjölgar



„Þyrnifuglarnir" Rachel Ward og Brian Brown, sem léku hjónakornin í „Þyrnifuglunum", eru í raun gift og veit það mæta vel alþjóð öll, að minnsta kosti hinir mýmörgu aðdáendur sjónvarpsþáttanna umræddu. Það sem alþjóð veit kannski ekki, að síðustu níu mánuðina hefur frú Brown ekki verið kona einsömul og nú er erfingi kominn í heiminn. Á myndinni heldur pabbi á syninum og ræður ekki síður við hann en sykurreyrinn. Mamma horfir hugfangin á, en myndin var tekin suður í Ástralíu, þar sem hjónin hafa dvalið að undanförnu í frí. Ástralía er heimaland beggja.

ÇOSPER



— Flott að þú skulir hafa fundið upp eldinn, ég var að finna upp vindilinn.



Brooke hannar nú föt

Leikkonan unga Brooke Shields hefur snúið baki við kvikmyndaleik í bili. Hún flýtir sér að segja að leiðin muni liggja þangað aftur, en hún sé dálítið þreytt sem stendur og vilji breyta til. Brooke hefur fengið vinnu við tískuhús í Sviss, frægt nafn: Vorster í Zurich. Ætlar Brooke að spreyta sig í fatahönnun og kannski sýna föt dálítið í bland, svona til að hafa reynt sem flest í sýningarbransanum.

21200
bein lína
ráðleggingasími
sparifjáreigenda
BÚNAÐARBANKINN
TRAUSTUR BANKI

MELÓDÍUR
MINNINGANNA
HAUKUR
MORTHENS
og félagar skemmta.
Kristján Kristánsson leikur á orgel
frá kl. 20.
HOTEL ESJA
Skála
fell

Safari
★ Diskótek ★



Opið í kvöld, laugardag
19. janúar, kl. 10—03
U2 ● New Order ● Malcolm Mclaren ● Sade ● Frankie Goes ● Simple Minds ● Eurythmics ● Spandau Ballet ● Talk Talk ● Orange Juice ● Scritti Politi ● Human League ● Ultravox ● Blancemange ● Cocteu Twins ● Limal ● Japan ● Matt Blanco ● Gary Numan ● Thompson Twins ● Duran Duran ● Howard Jones ● UB40 ● Blurt ● Tina Turner ● Kirk Brandon ● Wham ● Culture Club ● Killing Joke ● The Fugitives ● Pax Vobis ● Cabaret Voltaire ● Siouxsi and the Banshess ● Nick Kershaw ● David Bowie ● The Fall ● Stranglers ● The Smiths